



**Ofurhugi - Maí 2017**

**Landsbankamótið 2017**



## Mörg met og frábær þátttaka.

Okkar árlega Landsbankamót fór fram aðra helgina í maí. Um 410 sundmenn úr öðrum liðum komu til að keppa á mótinu. Í heildina með okkar fólki þá voru það því rúmlega 500 sundmenn sem kepptu á mótinu þessa helgi. Alls féllu 24 mótismet á Landsbankamótinu 2017, og þar átti okkar fólk tíu af þessum mótismetum.

Heimsmet fatlaðra, ásamt tveimur Íslandsmetum fatlaðra er það sem hæst bar á Landsbankamótinu í sundi í ár.

Heimsmetið var slegið af Hirti Má Ingvarssyni úr Firði í 1500m skriðsundi en hann keppir í flokki S6. Fyrsta heimsmetið sem slegið er í Vatnaveröldinni er því orðið staðreynd. Thelma Björg Björnsdóttir ÍFR sló jafnframt Íslandsmetin í 50 og 100m bringusundi í sínum fötlunarflokki. Bæði þessi met voru í fullorðinsflokki í 50m laug.

Fjögurhundruð og tíu sundmenn frá 15 félögum mættu til okkar á Landsbankamótið. Mörg sterk sund sáust og hörð keppni var í mörgum greinum, ásamt því að hinn alræmdi sjóræningjaleikur sló í gegn. Mótið þótti afar vel heppnað, en keppt var fyrir hádegi í 25m laug í flokkunum 12 ára og yngri en í 50m laug eftir hádegi í aldursflokkunum 13 ára og eldri.

## Afar góður árangur Ármannsmótinu



Sundmenn í Framtíðarhópi stóðu sig mjög vel á sundmóti Ármanns síðustu helgina í apríl. Sundmennirnir unnu til fjölda verðlauna ásamt því að eiga stíghæstu sundmennina í meyjja- og drengjaflokki. Það voru þau Eva Margrét Falsdóttir í meyjaflokki og Aron Fannar Kristínarson í drengjaflokki og fengu þau glæsilega bikara að launum.

## Jóhann Björnsson tvöfaldur Íslandsmeistari



Jóhann Björnsson gerði góða hluti á Íslandsmóti Garpa sem haldið var í Ásvallalaug fyrstu helgina í maí. Jóhann sem keppti í flokki 50-54 varð tvöfaldur Íslandsmeistari en hann sigraði bæði í 50m og 100m flugsundi.

## Skemmtilegt Lokahóf ÍRB



Að loknu Landsbankamótinu héldum við okkar árlega Lokahóf. Þar voru gerð upp bæði afrek ársins 2016 sem og sundársins 2016-2017.

Við ákváðum að hafa Lokahófið með aðeins breyttu sniði í ár. Við miðuðum verðlaunafhendingar við það að sem allra flestir fengju viðurkenningu ásamt því að styðjast við reglur ÍSÍ um fyrirmyndarfélag.

Lokahófið var einkar vel heppnað, Fjölmargar viðurkenningar og verðlaun voru veitt ásamt því að

mætingin var frábær.

## Aftekshópur - Steindór

Í maí hófust æfingar aftur af fullum krafti að loknu ÍM 50. Mikið var að gera í mánuðinum, Landsbankamót, lokahóf ásamt því að sex sundmenn ásamt þjálfara frá ÍRB fóru til San Marínó á Smáþjóðaleika.

### Sundmaður mánaðarins

Birna Hilmarsdóttir er sundmaður mánaðarins. Birna er afar dugleg, jákvæð og samviskusöm sundkona.



## Framtíðarhópur - Eddi



Nú er komið að síðasta mánuði þessa sundárs. Sundmennirnir í Framtíðarhóp eru orðnir spenntir fyrir AMÍ sem er í lok júní. Við eigum von á harðri keppni og því um að gera að leggja sig fram við æfingar þessar síðustu vikur. Ef ég þekki þessa krakka rétt þá eiga þau eftir að sýna bestu hliðar þegar liðið þarf á því að halda.

### Sundmaður mánaðarins

Sundmaður mánaðarins að þessu sinni er Pórey Una Arnlaugsdóttir. Pórey Una er dugleg sundkona sem er búin að bæta sig mikið undanfarið. Pórey er alltaf kát og hress.

## Háhyrningar og Sverðfiskar Vatnaveröld - Helena

Í maí hafa þessir hópar æft með hópum úr Akurskóla sem hefur verið mjög skemmtilegt, við höfum verið dugleg að vinna með grunntækni og úthald. Hóparnir tóku þátt á Landsbankamótinu og stóðu sig mjög vel, virkilega flottar bætingar. Það er ákaflega gaman að sjá hversu samrýmdur hópurinn er orðinn og þau öll miklir félagar.

### **Sundmaður mánaðarins í Háhyrningum**

Denas Kazulis er sundmaður mánaðarins í Háhyrningum.

Denas hefur mætt vel, sýnt flottar bætingar og er góður félagi.



### **Sverðfiskar Vatnaveröld - Helena**

#### **Sundmaður mánaðarins í Sverðfiskum**

Stella María Reynisdóttir er sundmaður mánaðarins í Sverðfiskum. Stella hefur mætt vel, sýnt flottar bætingar og er góður félagi.



### **Sprettfiskar/Flugfiskar Njarðvíkurskóla - Júlía**



Maí leið hratt, krakkarnir voru duglegir að æfa og gera sig tilbúna fyrir Landsbankamótið. Þeir stóðu sig líka með glæsibrag á Landsbankamótinu. Hópurinn fór saman í bíó og síðan var lokahófið á sunnudeginum þar sem allir fengu viðurkenningu.

Kærar þakkir fyrir veturinn kæru sundmenn og foreldrar. Kveðja, Júlía.

#### **Sundmaður mánaðarins**

Sundmaður mánaðarins er Þorgerður Tinna Kristinsdóttir

Þorgerður er jákvæð, samviskusöm, dugleg og kraftmikil.

### **Flugfiskar/Sverðfiskar - Jóhanna**





Flug/Sverðfiskar tóku þátt á Landsbankamótinu í maí og stóðu sig mjög vel. Þau fóru svo á æfingar í Vatnaveröld með Sverðfiskum og Háhyrningum hjá Helenu fram að Akranesleikunum. Nokkrir krakkar færðust yfir í Vatnaveröld og æfa þar með Sverðfiskum. Við lukum svo sundtímabilinu með því að fara á Akranesleikana og erum komin í sumarfrí. Miklar framfarir voru hjá krökkunum í vetur. Þetta er búið að vera mjög skemmtileg tímabil

### **Sundmaður mánaðarins**

Sundmaður mánaðarins í Flug- og Sverðfiskum er Elmar Hrafn Gestsson. Elmar Hrafn er áhugasamur, duglegur og hefur tekið miklum framförum.

## **Laxar/Sprettfiskar/Silungar Akurskóla - Jóhanna**

Laxar / Sprettfiskar. Duglegir og hressir krakkar og miklar framfarir voru í hópnum. Þau eru farin að synda flestar sunaðferðir og standa sig mjög vel.

### **Silungar**

Silungar hafa verið mjög duglegir í vetur og miklar framfarir hafa verið í hópnum. Allir farnir að synda langar ferðir, einnig eru nokkrir hættir að nota kúta. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt og krefjandi.

## **Sprettfiskar/Flugfiskar Heiðarskóla - Hjördís**

Flugfiskar og Sprettfiskar tóku þátt á Landsbankamóti ÍRB. Þau stóðu sig frábærlega. Það var farið í bíóferð og helgin kláruð með frábæru lokahófi.

Flugfiskar héldu áfram að mæta á æfingar eftir Landsbankamót. Þau voru í undirbúningi fyrir Akranesleika. Það gekk mjög vel á Akranesleikunum.

### **Sundmaður mánaðarins**

Sundmaður mánaðarins í Flugfiskum Heiðarskóla er Gabija Marija Savickaité.



## **Sundskóli Heiðarskóla - Hjördís**

Yngri hópar héldu flotta sundsýningu. Mömmum, pöbbum, ömmum, öfum, frænkum og frændum var boðið að horfa á. Sundmenn sýndu síðan hvað þeir hefðu verið að læra í vetur. Að lokinni sundsýningu fengu krakkarnir svo svala, kleinu og verðlaunapening.

Ég vil þakka fyrir veturinn og einnig þakka fyrir mig. Ég er nú komin frí frá sundinu í einhvern tíma. Þetta hefur verið skemmtilegt tímabil. Við sjáumst aftur fljótlega.



## Mörg verðlaun og EMU lágmark á Smáþjóðaleikunum.

Sex sundmenn frá Sundráði ÍRB kepptu með landsliðinu á Smáþjóðaleikunum í San Marínó.

Ferðin var hin skemmtilegasta í alla staði enda afar fallegt í San Marínó. Ferð þessi hverfur sennilega seint úr minni þeirra sem hana fóru. Langt ferðalag og ýmis vandkvæði við að komast á staðinn. Keppendurnir okkar stóðu sig samt afar vel þrátt fyrir langt ferðalag.

Þeir sem unnu til verðlauna í einstaklingsgreinum voru: Davíð Hildiberg Aðalsteinsson brons í bæði 100 og 200m baksundi og Pröstur Bjarnason brons í 200m flugsundi með góða bætingu á tíma.



### Þeir sem unnu til verðlauna í boðsundum.

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson vann jafnframt til þrenna silfurverðlauna í boðsundum: 4 x 100m skriðsundi, 4 x 100m fjórsundi og 4 x 200m skriðsundi. Tvö fyrrnefndu boðsundin voru Landsmet.

Kristófer Sigurðsson vann einnig til þrenna silfurverðlauna í boðsundum: 4 x 100m skriðsundi, 4 x 100m fjórsundi og 4 x 200m skriðsundi. Hann bætti jafnframt tímann sinn í 50m skriðsundi og varð þannig annar í sögu ÍRB til þess að fara undir 24 sekúndur í 50m skriðsundi í 50m laug.



Pröstur Bjarnason vann einnig til silfurverðlauna í 4 x 200m skriðsundi en afar skemmtilegt var að sjá að 3/4 sveitarinnar í þessari krefjandi grein voru ÍRB sundmenn.

Jafnframt vann Sunneva Dögg Robertson til gullverðlauna með kvennasveit Íslands í 4 x 200m skriðsundi.

## Karen náði EMU lágmarki.

Karen Mist Arngelds dóttir náði lágmarki á EMU í Ísrael með góðri bætingu í 200m bringusundi þar sem hún var rétt við bronsið.



## Frábært stuðningslið í San Marínó



Góður stuðningsmannahópur fylgdi okkar fólki og stóðu þau sig framúrskarandi vel við hvatningu á okkar fólki og landsliðinu okkar. Kærar þakkir fyrir stuðninginn, þið voruð frábær.

## Met á Landsbankamótinu

## **Met á Landsbankamótinu**

Alls féllu 24 mótsmet á Landsbankamótinu 2017, og þar átti okkar fólk tíu af þessum mótsmetum.

Eftirtaldir settu mótsmet:

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson 50 flug Karla  
Karen Mist Argeirsdóttir 50 bringa stúlkna  
Gunnhildur Björg Baldursdóttir 200 flug kvenna  
Gunnhildur Björg Baldursdóttir 200 flug stúlkna  
Sunneva Dögg Robertson 1500 skr kvenna  
Athena Líf Prastardóttir 100 bak hnáta  
Athena Líf Prastardóttir 200 bak hnáta  
Eva Margrét Falsdóttir 100 br meyja  
Eva Margrét Falsdóttir 200 br meyja  
Eva Margrét Falsdóttir 100 fl meyja

## **Innanfélagsmet á Landsbankamótinu**

Fannar Snævar Hauksson 50 bak (50m) Drengir-Njarðvík

Athena Líf Prastardóttir 100 flug (25m) Hnátur -Njarðvík  
Athena Líf Prastardóttir 100 fjór (25m)  
Hnátur -Njarðvík

## **Innanfélagsmet á Smáþjóðaleikum**

Kristófer Sigurðsson 50 skr (50m) Karlar -Keflavík

## **Styrktaraðilar Sundráðs ÍRB**





KRONAN

nettó

speedo



HS ORKA HF



HS VEITUR HF

©2017 Sundráð |

[Web Version](#)

[Forward](#)

[Unsubscribe](#)

Powered by [Mad Mimi](#)  
A GoDaddy company